

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. júní 2013 R2013060017
G-ums 08/13

Alþingi
Erindi nr. P 142/43
komudagur 19.6.2013

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum - 1. mál, þskj. 1.


Ríkisskattstjóri hefur þann 12. júní 2013 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að fallið verði frá því að á útleigu hótél- og gistiherbergja verði lagður 14% virðisaukaskattur. Samkvæmt lögum nr. 146/2012 átti slík breyting að taka gildi 1. september nk.

Þann 13. desember 2012 sendi ríkisskattstjóri efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umsögn um frumvarp það er varð að lögum nr. 146/2012. Í þeirri umsögn varaði ríkisskattstjóri eindregið við því að taka upp þriðja þrepið í virðisaukaskatti þar sem fjöldi þrepa myndi auka hættuna á undanskotum og þá myndi það flækja virðisaukaskattskerfið. Ennfremur benti ríkisskattstjóri á að breyting sem þessi hefði í för með sér mikinn kostnað fyrir atvinnulífið vegna breytinga á uppgjörskerfum auk þess kostnaðar sem ríkisskattstjóri þyrfti að leggja í til að gera nauðsynlegar breytingar á tölvukerfum, eyðublöðum og verkferlum.

Í ljósi framanritaðs fagnar ríkisskattstjóri framkomnu frumvarpi þar sem fallið er frá þeirri fyrirhugun að leggja 14% virðisaukaskatt á útleigu hótél- og gistiherbergja.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir